

Starfsdagur fjölskyldusviðs Árborgar haldinn í Grænumörk 5 föstudaginn 1. apríl 2022

Þátttakendur: Starfsfólk félagsþjónustu, frístundaþjónustu og skólaþjónustu, þ.e. deildir fjölskyldusviðs í Ráðhúsi

Kynningarglærur stjórnenda fjölskyldusviðs (Bragi Bjarnason, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Margrét Björk Brynhildardóttir, Gunnar E. Sigurbjörnsson og Þorsteinn Hjartarson)



Starfsdagur
fjölskyldusviðs Árborgar
föstudaginn 1. apríl 2022





Dagskrá:

Kl. 11:00 Inngangur

Kl. 11:30 Hvar erum við stödd í innleiðingu farsældarinnar?

Kl. 12:00-12:40 Hádegishressing

Kl. 12:40–14:00 Umræðuhópar með Padlet


14:00-14:15 Kaffihressing

14:15-14:45 Niðurstöður

14:45-15:45 Elva Dögg frá Kvan

Hvað er búið að framkvæma frá síðasta starfsdegi?





Hvað er búið að framkvæma frá síðasta starfsdegi?

- Áskoranir er snúa að fjölgun íbúa. Ábendingar koma inn v/leikskólamála
- Verkefni næstu missera að sækja fram í skóla- og velferðarmálum
- Styrkja grunnþjónustuna enn frekar
- Jira er að koma vel út, ábendingagáttin er í þróun, stafrænar nýjungar eiga að léttu okkur vinnuna. Fyrsta stafræna lausnin á vegum Sambands íslenska sveitarfélaga er að fara af stað – fjárhagsaðstoð
- Höfum listað upp úrræði sem hafa birst í skýrslu
- Húsfundir eru mikilvægur hluti upplýsingamiðlunar og faglegs samtals
- Þróun verklags og gerð skýrari verkferla
- Stefnum að gerð nýrrar stöðuskýrslu fjölskyldusviðs vorið 2023

Áhersluatriði frá sameiginlegu hugarflæði hópsins Atriði sem stjórnendur setja í forgang eru undirstrikuð Húsnæðismál

- Húsnæðismál, félagslegt leiguhúsnæði og húsnæði fyrir fatlað fólk
- Húsnæðismál Kotsins – lausn í sjónmáli haustið 2024 í nýrri frístundamiðstöð. Erfið tvö ár framundan

Börn með stuðningsþarfir

- Málefni barna með stuðningsþarfir, m.a. frístundir
- Óhefðbundin kennsla þegar barn fúnkerar illa í skólanum, starfsnám o.fl á skólatíma, sérsniðið nám
- Suðningur við börn með fötlun og stuðningsþarfir í íþróttum

Mannauðsmál, kynningarmál og upplýsingamiðlun

- Fræðslukynning á fjölskyldusviði út í skólana
- Efla þjónustuver svo hægt sé að aðstoða m.a. fólk af erlendum uppruna
- Upplýsingaflæði til almennings í gegnum Árborgarvefinn
- Kynningu út í skólana verði fylgt eftir út í lausnateymi, deildarfundi o.s.frv.
- Koma til móts við starfsmenn vegna aukinnar streitu - núvítunarkynning o.fl.

Aðgerðaáætlun:

1. Stofna þverfaglegt úrræða- og fræðsluteymi á fjölskyldusviði
2. Stjórnendur fari það í að skoða Árborgarvefinn m.t.t upplýsingamiðlunar á þjónustu og úrræðum

Efling þjónustu og úrræða á fjölskyldusviði

- Endurkoðun á frístundaakstrinum með þarfir barna í huga
- Frekari námskeið sem hægt er að vísa á og sálfræðiþjónustu innanhúss - sálfræðingur á fjölskyldusvið sem er í meðferðarvinnu
- Fjölbreyttari vinnu- og virkniúrræði fyrir ungt fólk með fjölbættan vanda (skoða þarf að kynna Auðlindina betur og þetta eflist með tilkomu frístundamiðstöðvar)
- Þjónusta við fólk sem glímir við geðrænan vanda sem erfitt er að þjónusta

- Skoða 1. stgs almenna þjónustu til foreldra, brúa bilið milli fagstétta (þetta er í farvegi í sambandi við innleiðingu farsældarlaganna)
- Regluleg endurskoðun námskeiða sem eru í boði hjá sveitarfélaginu fyrir börn og forelda
- Efla þjónustu við börn og foreldra í vímuefnavanda
- Pólskumælandir þjónustufulltrúi og/eða ráðgjafi til félagsþjónustu

Innra starf

- Aukin lögræðileg þjónusta innanhúss (þyrfti að fjölga um a.m.k. 1-2 stg. - snýr bæði að hagræðingu og auknum stuðningi og ráðgjöf við starfsfólk)
- Fjölga mannauðsráðgjöfum, auka þarf m.a. stuðning við stjórnendur varðandi ráðningar o.fl. (þyrftum að hafa a.m.k. 1-2 til viðbótar)
- Samþætta fyrir alla hópa, m.a. aldraða, fatlaða
- Gæta jafnræðis í stuðningsúrræðum, hvaða mælitæki við notum
- Þörf á mun meiri fræðslu til stjórnenda varðandi ný kerfi, svo sem Jira, ábendingagátt, möguleika Office365, Navision o.fl. Gott væri að hafa gæðastjóra og gæðahandbók.

Hvar erum við stödd í innleiðingu farsældarinnar?

Kristín Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri farsældarteymis. Kynningarglæur



Farsældarteymi Árborgar



Þorsteinn
sviðstjóri
Fjölskyldusviðs

Kristín Björk
verkefnastjóri
farsældarteymis

Margrét Björk
deildarstjóri
skólaþjónustu

Lucinda
yfirsálfræðingur
skólaþjónustu

Guðný Ingibjörg
leikskólaráðgjafi
skólaþjónustu

Heiða Ösp
deildarstjóri
félagsþjónustu

Þórunn
teymisstjóri barnateymis f
élagsþjónustu

Anna Rut
teymisstjóri
barnaverndarþjónustu

Hlutverk farsældarteymis

- Innleiða þverfaglega starfshætti
- Móta verkferla
- Styðja við snemmtækan stuðning
- Þróa stigskipta farsældarþjónustu



Árborg frumkvöðlasveitarfélag fyrir Barna- og fjölskyldustofu



Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021



- Snerta alla þá þjónustu sem ríki og sveitarfélög eiga að veita.
- Innleiðingarferlið mun taka 3 – 5 ár.

Markmið og hlutverk

1

Stuðla að farsæld barna með því að skapa þeim viðeigandi uppvaxtarskilyrði.

2

Tryggja þeim sem á þurfa að halda aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Í takt við lagaumhverfi þjónustukerfa



Skýldur og ábyrgð þjónustuveitenda og þeirra sem veita almenna þjónustu

- Beiðni foreldra og/eða barns um samþættingu þjónustu er forsenda þess að þjónusta geti hafist.




Samráð þjónustukerfa

- Samráð þjónustukerfa er lykillinn að samþættri farsældarþjónustu




Þjónustukerfi sem styðja við fjölskyldur, skóla og frístund í Árborg



Afgreiðsla á beiðni um samþættingu þjónustu



Verklag til að meta þörf barns og fjölskyldu fyrir samþættingu þjónustu



Sambætt farsældarþjónusta

Er snemmtæk, umvefjandi og samfelld í takt við þarfir á hverjum tíma.



Stigskipting farsældarþjónustu



Fyrsta stig þjónustu

Þjónusta á fyrsta stigi er almenn grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum. Í skóla- og frístundastarfi á að veita einstaklingsbundinn og snemmtækan stuðning til að styðja við farsæld barns.

Öll börn og foreldrar eiga að hafa aðgang að tengilið í grunnþjónustu ef þörf er á

Stoðþjónusta og lausnateymi

Skólaþjónusta


Félagsþjónusta

Skólahjúkrun

Ráðgjafateymisfundir

Nemendaverndarráð

Ábyrgð tengiliðar




Tengiliður metur þörf barns og fjölskyldu fyrir fjölþætta þjónustu með ráðgjöf frá sérfræðingum fjölskyldusviðs

Annað stig þjónustu

Á öðru stigi þjónustu tilheyra úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur í samræmi við faglegt mat og/eða frumgreiningu á þörfum barns á grundvelli stuðningsáætlunar.

Málstjóri frá fjölskyldusviði er tilnefndur til að leiða vinnu stuðningsteymis.



Ábyrgð málstjóra




Málstjóri og tengiliður frá leik- og grunnskóla bera ábyrgð á að móta stuðningsáætlun og koma á markvissari stuðningsþjónustu við barn og fjölskyldu út frá faglegu mati og/eða greiningu.

Þriðja stig þjónustu

Á þriðja stigi þjónustu tilheyra úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur í samræmi við sérhæft og ítarlegt mat og/eða greiningu á þörfum barns á grundvelli stuðningsáætlunar.



Verkaskipting á milli tengiliða og málstjóra Verklag við gerð stuðningsáætlana



Stuðningsáætlun er verkfærið til að samþætta þjónustuna


TEAMS vinnusvæði stofnað fyrir fagteymið

Samráð tengiliðs, málstjóra, ráðgjafa um verkaskiptingu

Starfstengd leiðsögn til fulltrúa í stuðningsteymi

Hefja vinnu við stuðningsáætlun með foreldrum

Stuðningsteymið kemur á viðeigandi stuðningsþjónustu í daglegu lífi og skólastarfi




Samráð á PADLET

<https://padlet.com/kristinbj1/farsaeldarborg2022>

• Farsæld barna í Árborg (padlet.com)

• Lykilorð: 30.mars2022



Umræðuhópar með Padlet - tillögur að umræðuefnum komu frá þátttakendum fyrir starfdaginn

Umræðuhópar með Padlet

1. Sumarstörf og sumarúrræði fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda. Áskoranir og tækifæri.
2. Þjónusta og stuðningur við fullorðna með fjölþættan vanda með miklar og flóknar stuðningsþarfir, svo sem geðfötlun og fíknivanda. Samþætt þjónusta til framtíðar.
3. Brotthvarf úr framhaldsskólum, frístundum og elstu bekkjum grunnskólans. Miklar áhyggur eru af nemendum með fjölmennigarlegan bakgrunn og nemendum með veikt félagslegt bakland. Hvaða leiðir eru færar út úr þessum vanda? Hvernig getum við byggt upp stuðning í kringum þessa nemendur.
4. Forvarnir, fræðsla og námskeið í sveitarfélaginu fyrir a) börn, b) foreldra c) starfsfólk.
5. Túlkaþjónusta og önnur þjónusta við íbúa af erlendum uppruna. Áskoranir og verklag.
6. Náms- og kynnisferðir á fjölskyldusviði innanlands og til útlanda - hugmyndavinna.
7. Þverfagleg teymisvinna og samþætting þjónustu - hvað erum við að gera vel og hvar eru tækifæri til úrbóta?
8. Áhættuhegðun barna - frá forvörnum til aðgerðaráætlunar

Niðurstöður umræðuhópa

1. Umræðuefni: Sumarstörf og sumarúrræði fyrir börn með fjölpættan vanda. Áskoranir og tækifæri

a. Niðurstöður stjórnendateymis: Nú þegar er aukin áhersla hjá sumarstörfum á fjölbreytni og skapandi greinar. Þessi þróun er í gangi. Hins vegar verður lögð áhersla á að útfæra úrræði fyrir börn og ungmenni sem eru með miklar stuðningsþarfir og mjög fjölpættan vanda.

b. Niðurstaða fyrri umræðuhóps:

Áskoranir eru helstar fjármagn og ráðning starfsfólks. Einnig að geta ráðið starfsfólk sem hefur bæði áhuga og þá hæfni og þekkingu sem þarf til að geta sinnt börnum með fjölpættan vanda. Mögulega er þörf á fræðslu fyrir alla starfsmenn í upphafi sumars.

Tækifæri: Reyna að samnýta þann mannafla sem sveitarfélagið býr yfir.

Mikilvægt að hafa fjölbreytt úrræði í boði.

Mikilvægt að huga að bæði börnum og mögulegum starfsmönnum af erlendum uppruna. Hugsa þar að upplýsingaflæði varðandi störf og tungumálakunnáttu starfsmanna.

Virkja samfélagið og efla samstarf við fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins.

Huga að fjölbreyttum lausnum og reyna að finna leiðir sem henta hverjum.

Nauðsynlegt að úrræði eins og Kletturinn sé opið yfir sumartímann.

c. Niðurstöður seinni vinnuhóps: Vinnuskólinn er að standa sig mjög vel – fyrir einstaklinga sem eru í langan tíma að stóla á vinnuskólann þá verður þetta þeytt. Unglingavinnan orðin þeytt hugtak. Þarf að komast nær ungmennunum, áhugasvið, þarf að virkja stofnanir innan Árborgar. Listsköpun og aðrir styrkjandi þættir og verkefni. Sérverkefni: Stafræn vinna fyrir sveitarfélagið, eitthvað annað en

útvinnu. Starfskynningar fyrir ungmennin. Sérstakur stuðningur að komast í vinnuna – hvernig nálgast maður börnin sem eiga erfitt með að mæta.

2. Þjónusta og stuðningur við fullorðna með fjölþættan vanda (svo sem geðfötlun og fíknivanda) Samþætt þjónusta.

- a. Niðurstaða stjórnenda: Fara í stefnumótunarvinnu varðandi þjónustuúrræði í samstarfi við heilbrigðiskerfið, Rauða Krossinn og lögreglu. Teymisstjóri fullorðinsteymis ber ábyrgð að kalla saman vinnuhóp og samþættir þetta verkefni við stefnumótun um málefni heimilslausra og úrræði fyrir börn og foreldra með vímuefnavanda á byrjunarstigi. Boðið verður upp á fræðslu á húsfundi um skaðaminnkandi nálgun í haust.
- b. Hópur 1.: Aukin þörf er á fræðslu almennt í samfélaginu og til fagfólks sem kemur að þjónustu þessa hóps.
Þörf er á að auka fræðslu innan fjölskyldusviðs og að fagfólk viti hvert hægt er að leita aðstoðar eða hvert eigi að beina skjólstæðingum.
Styrkja samstarfið á milli kerfa.
Mikilvægt að skoða heildarmyndina hjá viðkomandi einstakling, skoða þarf aðstæður heima fyrir og hvort foreldrar þurfi aukinn stuðning.
Skortur á úrræðum í sveitarfélaginu fyrir fullorðið fólk með fjölþættan vanda. Hamlandi að fólk þurfi að sækja alla þjónustu í annað sveitarfélag sem sumir hafa ekki kost á að sækja sér.
Skortur á úrræðum fyrir fólk sem talar annað tungumál en íslensku.
- c. Hópur 4.: Þurfum að mæta þeim þar sem þau eru stödd. Efla skaðaminnkandi nálgun. Spurning um hvers konar þjónusta þessir einstaklingar geta tileinkað sér. Frú Ragnheiður mikilvæg. Faglegt

samstarf við kerfin í kringum þessa veiku einstaklinga. Sértek stuðningsþjónusta - efla hana enn frekar. Huga að öryggi starfsmanna. Útdeildin ? Safe house? Stöðutjékk, félagsleg tengsl, samtal og fyrsta hjálp. Þjónustan kemur til þeirra. Þarf að efla fagþekkingu starfsmanna í að styðja við fjölskyldu fólks með fjölþættan vanda.

3. Brotthvarf úr framhaldsskólum, frístundum og elstu bekkjum grunnskólans. Áhyggjur af nemendum með fjölmennningarlegan bakgrunn með veikt félagslegt bakland. Hvaða leiðir eru færar og hvernig byggjum við upp stuðning?

- a. Niðurstaða stjórnenda: Öflugt fjölmenningarteymi í gangi - mun vinna áfram að þessu verkefni með FSu, unglinga- og ungmennaráðgjafa, ungmennahúsi og fleirum. Þurfum meiri upplýsingar, t.d. frá íþróttageiranum og öðrum frístundafélögum. Lögð verður áhersla á að halda utan um fjölskyldur af erlendum uppruna strax í leikskóla. Tækifæri um enn markvissara starf með tilkomu frístundamiðstöðvar.

Fjölmenningarteymi Árborgar og skýrsla um brotthvarf úr skólum verður kynnt á húsfundi fyrir sumarfrí.

- b. Hópur 2: Mikilvægast er að grípa nógu snemma inn í.

Vantar nauðsynlega skólaþjónustu hjá framhaldsskólum, við þurfum að halda áfram að halda utan um börnin eftir 10. bekk. Styrkja þarf samskipti barna með skólaforðun við framhaldsskóla og það þarf að styðja vel við börn sem fara á milli skóla.

Ef barn mætir ekki í skólann þá þurfa verkefnin og kennslan að fylgja barninu heim.

Kennsla þarf að vera í boði utan veggja skólans og auka þarf vægi verklegs námsframboðs, innan og utan skólans.

Nýta Zelsíus vel, og ræktina, og alla virkni sem er í boði og getur verið hluti af stundatöflunni til að hjálpa börnum að komast út úr því að vera bara heima. Virkja kennara í að þekkja merkin og grípa inn í þegar barn er byrjað að detta út, það þarf að fylgja verklagsreglum um mætingu betur eftir m.a. með fræðslu inn í lausnarteymi og deildarfundi.

Bæta í fræðslu til þeirra sem starfa í frístundum, þeir þurfa að vera vakandi fyrir þátttöku og mætingu og þeir þurfa að hafa réttu verkfærin til að grípa inn í.

Þurfum sérstakan félagsráðgjafa fyrir foreldra af erlendum uppruna til að veita þeim fræðslu og upplýsingar um úrræði.

Væri hægt að leysa stóran og mikinn vanda með því að hafa sérstakan skólafélagsráðgjafa þvert á skóla sem fer á milli skóla.

Það er mjög þarft að útbúa sérstakan hóp í félagsmiðstöðinni fyrir börn af erlendum uppruna.

Hópur 1: Efla snemmtæk íhlutun, veita fræðslu og kenna foreldrum. Fara fyrir inn í vandann heldur en seinna. Skapa gott traust milli kennara og forsjáraðila, veita 1. stig fræslu og halda foreldrum í samstarfi sem allra lengst. Vísa málum í viðeigandi stuðningsúrræði. Þarf að einstaklingameta hvern og einn fyrir sig, hvað hann getur svo að ekki verði frekari forðun eða vandræði. Virkja skólaforðunarteymi! Þarf skref fyrir skref kennslu fyrir foreldra að koma barni út úr forðunarhegðun. Viðhalda og efla sérstuðning í Zelsíus/pakkhús víkka út og fá þau inn í frekari verkefni að fylgja fjölskyldu inn í frístundarstarf einstaklinga. Hitta foreldra, meta kostnað og aðstoða fjölskyldu að greiða og útvega viðeigandi fatnað og hvetja áfram. Vantar starfsmann á plani - hægt að útvíkka í morgunstuðning líka. Efla tengsl skólanna við viðeigandi frístundamiðstöðvar. Breyta orðræðunni - krakkar vilja ekki liðveislu en gætu tekið á móti mentor.

4. Forvarnir, fræðsla og námskeið í sveitarfélaginu fyrir a) börn b) foreldra c) starfsfólk

- a. Niðurstaða stjórnenda: Er verið að vinna að Tilkynningarhnappi til barnaverndar sem er rafræn tilkynning. Ætti að vera komið í gagnið í haust. Skoða þarf betur hugmyndina að "ég er barn, ég er með áhyggjur hnappur" - áframhaldandi vinna við að skoða úrlausnir þar sem þarf að vera ljóst með hvaða hætti á að vinna úr upplýsingunum og hverjir koma að því. Í Kópavogi er sérstakur starfsmaður í þessu verkefni. Vangaveltur um hvort þetta ætti að vera samstarfsverkefni sveitarfélaga eða jafnvel á landsvísu.

Varðandi námskeið og fræðslu: Nýtt fræðsluteymi fær það hlutverk að fara yfir þau námskeið sem eru í boði og hvaða ný úrræði er hægt að framkvæma innan sveitarfélagsins.

Heiða og Margrét bera ábyrgð á að stofna fræðsluteymið fyrir haustið.

- b. Hópur 2

Purfum áfram að hafa öflugra fræðslu inni í skólunum. Það þarf að vanda sérstaklega til verka þegar kemur að fræðslu um vímuefnavanda. Huga meira að forvörnum, auka þátttöku barna í íþróttum. Hafa lýðheilsuforeldrann aðgengilegan öllum foreldrum og börnum til að auka þátttöku þeirra í íþróttum og frístundum. Auka forvarnir þegar kemur að líðan barna. Nýta sjálfstyrkingarnámskeið fyrir börn sem eru veik fyrir sem forvörn og flétta það meira inn í skólastarfið, gera það hluti af kennsluskránni. Það eru svo mörg börn sem hafa slaka sjálfsmynd og þarf að styrkja. Klókir litlir krakkar eru í gangi en það þarf að koma Klókum krökkum aftur á kortið.

Komið yrði á kvíðafræðslu á nýju á ákveðnum stigum skólagöngunnar. Veltum fyrir okkur hvort hægt væri að kaupa þjónustu frá KVAN með tilliti til sjálfstyrkingarnámskeiða og samstarf við skóla þar til að sinna eftirfylgni. Kaupa þjónustu af foreldrahúsi sem væri haldin hér í heimabyggð.

Nýta og sinna vel „Ég er barn og hef áhyggjur“ hnappinn inni á heimasíðunni, skoða hvað önnur sveitarfélög eru að gera.

Nauðsynlegt að endurskoða þau námskeið sem eru þegar í gangi. Hafa meira úrval af námskeiðum fyrir foreldra barna með áhættuhegðun eða í vímuefnaneyslu í heimabyggð, erum að senda marga foreldra á námskeið í RVK. Námskeiðin þurfa að vera á fleiri tungumálum en bara íslensku. Þarf að halda staðnámskeið.

Hafa kerfi sem er hægt að nota til að vísa foreldrum á námskeiðin. Bæta upplýsingum inn á arborg.is, foreldrar hafa ekki nógu aðgengilegar upplýsingar um þá þjónustu og þau úrræði sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða.

Átak í uppeldisfræðslu til foreldra, þurfum að auka framboðið og hafa í boði einhverja umbun til að laða þá foreldra sem þurfa helst á fræðslunni að halda, t.d. að veita afslátt af leikskólagjöldum.

Það er mikilvægt að hafa reglulega kynningu á starfi fjölskyldusviðs í fyrir starfsfólk skóla með eftirfylgni í lausnateymi og deildarfundum.

- c. Hópur 1: Börn - Sjálfsmynd, sjálfsöryggi. Kvíði. Námskeið á skólatíma, flétta inn í skólastarf. Foreldrar - uppeldisnámskeið (nýtískulegra) þar sem áhersla er lögð á samstillingu. Tengslafræði, hvernig myndum við tengsl. Fræðsla beint frá leikskólunum. Pössun fyrir börnin á meðan? Góð samskipti. Heimilisrekstur/samvera námskeið. Starfsfólk: Vímuefnafræðsla. Streitustjórnun. Hvati til endurmenntunar/símenntunaráætlun. Flókin samskipti/persónuleikaraskaðir skjólstæðingar. Fundastjórnun/málastjórn. Þjónandi leiðsögn. Valdefling skjólstæðinga. Setja mörk. Fagleg framkoma, grunnur og samstilling sýnar sveitarfélagsins. Menningarnæmi.

5. Túlkaþjónusta og önnur þjónusta við íbúa af erlendum uppruna. Áskoranir og verklag.

- a. Niðurstaða stjórnenda: Leggja áherslu á að ráða pólskumælandi þjónustufulltrúa sem fyrst og klára samning við Language Line fyrir sumarið. Boða sviðstjóra stjórnarsýslusviðs og fjármálastjóra á næsta fund stjórnenda
- b. Hópur 2: Þurfum að ráða pólskumælandi starfsmann á fjölskyldusvið þvert á deildir sem gæti bæði starfað sem ráðgjafi og tilsjónaraðili. Sami aðili gæti verið með fasta símatíma/viðveru þar sem foreldrar geta nálgast upplýsingar og fengið aðstoð hjá viðkomandi starfsmanni. Klára þýðingu á öllum beiðnum.
- c. Hópur 3: telur mikilvægt að fá starfsmann með víðtæka tungumálakunnáttu til þess að starfa í þjónustuverinu. Það getur komið í veg fyrir að ákveðnir hópar sitji eftir og fái ekki þá þjónustu og þekkingu sem þeir þurfa.
Hópurinn tekur undir að mikilvægt að fá pólskumælandi tilsjónaraðila á fjölskyldusvið.
Hægt væri að ráða inn starfsmenn sem gætu einnig sinnt túlkþjónustu í skólunum/stofnunum sveitarfélagsins.
Gott væri að leggja áherslu í framtíðinni á fræðslu til stofnanna sveitarfélgsins sem sinna fjölskyldum, um ólíka menningarheima og þær áskoranir sem geta falist þar.

6. Náms- og kynnisferðir á fjölskyldusviði innanland og til útlanda. Hugmyndavinna.

- a. Niðurstaða stjórnenda: Undirbúningsteymi (Þórunn, Margrét, Auður og Gunnar). Stefnum á ferð til t.d. Herning í haust 2022 eða vor 2023. Kynnisferð innanlands haustið 2023.
- b. Hópur 3 leggur til ferð þar sem flestir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Skoða fjölbreytt úrræði fyrir ólíka hópa. Gæti verið gott að finna minni samfélög erlendis þar sem auðvelt væri að yfirfæra

þjónustu og úrræði á okkar samfélag. T.d. Herning í DK

Innanlands leggjum við til heimsókn í sveitarfélög líkt og Akureyri, Hafnarfjörður og Kópavogur.

c. Hópur 2

Okkur finnst náms- og kynnisferðir nauðsynlegar til að læra af reynslu annarra og fá hugmyndir.

Okkur þætti mjög áhugavert og gagnlegt að fara í kynningarferð þvert á fjölskyldusvið. Við höfum áhuga á að fara í forvarnarnámsferð erlendis þar sem áherslan yrði á forvarnafræðslu en það er sá þáttur sem sameinar allt fjölskyldusviðið. Við þurfum að víkka sjóndeildarhringinn og það er best gert með því að sjá hvernig aðrar þjóðir vinna, þá sérstaklega með tilliti til barna af erlendum uppruna. Það væri á sama tíma kjörin leið til að sameina og styrkja hópinn.

7. Þverfagleg teymisvinna og samþætting þjónustu - hvað erum við að gera vel og hvar eru tækifæri til úrbóta?

- a. Niðurstaða stjórnenda: Búa til leiðbeiningar fyrir starfsfólk hvernig á að búa til stuðningsáætlun og kynna farsældina fyrir foreldrum. Einnig að búið verði til einfaldur bæklingur sem hægt verður að afhenda foreldrum. Þessu verður vísað til farsældarteymis til frekari úrvinnslu. Stefnt að því að búa til kynningar- og fræðslumyndbönd árið 2023.
- b. Hópur 4: Búa til Kynningar- og fræðslumyndbönd um mismunandi hlutverk innan fjölskyldusviðs.
- c. Hópur 3 telur Árborg standa með fremstu sveitarfélögum landsins varðandi samráð í málefnum barna. Upplifun starfsmanna er að mikill vilji er til samráðs hjá stofnunum sem koma að málefnum barna. Það sem okkur þykir einna helst vanta uppá að svo stöddu eru leiðbeiningar til starfsmanna varðandi

gerð og framkvæmd samþættingar (stuðningsáætlun). Við leggjum til að útbúinn verði auðlesinn bæklingur þar sem hægt er að kynna samþættingu fyrir foreldrum og hvað felst í því. Okkar tilfinning er að þetta eigi líka við um ráðgjafabeiðnir og tilvísanir. Mikilvægt er að allir fái sömu kynningu og skilaboð. Við þurfum að standa okkur í samstarfi við skólana, hvernig við kynnum ferli beiðna og hvað fellst í beiðnum til að foreldrar sé vel upplýstir, hverju er verið að óska eftir með hverri beiðni og tilvísun, hvernig er ferlið.

Við teljum mikilvægt að leggja áherslu á að fjölskyldusvið sé staðsett á sömu hæð til þess að auðvelda frekar allt samráð.

8. Áhættuhegðun barna - frá forvörnum til aðgerðaráætlunar

- a. Niðurstaða stjórnenda: Þessum lið verði í heild sinni vísað til aðgerðarteymis forvarna.
- b. Hópur 4: Mikilvægt að hefja forvarnavinnu fyrr með því að auka fræðslu til foreldra og inn í skólasamfélagið.
Tryggja þarf að allir aðilar séu öruggir um hvernig eigi að bregðast við ef þessar aðstæður koma upp og hvert eigi að leita.
Forvarnarfræðslan þarf að taka til félagslegra samskipta, fíkniefna og skaðlegra áhrifa þeirra, andlegs og líkamlegs ofbeldi, stafrænn samskipti og einkenna skólaforðunar.
Þörf er á áfengis og vímuefnaráðgjafa innan sveitarfélagsins.
- c. Hópur 3 telur mikilvægt að forvörn og fræðsla hefjist strax í ung- og smábarnavernd en gjarnan myndast gap þegar börn fara í leikskóla. Mikilvægt að styrkja fræðslu til foreldra leikskólabarna. Auk þess að hefja fræðslu og forvarnir varðandi áhættuhegðun fyrr, strax á miðstigi. Mikilvægt að fræða foreldra og starfsfólk sem starfar með börnum markvisst um að bera kennsl á merki sem geta bent til

Þess að um áhættu hegðun sé að ræða. Styrkja unglínga- og ungmennaráðgjafa sem úrræði fyrir börn og foreldra þegar grunur vaknar um áhættu hegðun, grípa málið áður en það verður barnaverndarmál. Bæta fræðslu varðandi örugga notkun snjalltækja og samfélagsmiðla. Þegar börn eru komin í áhættu hegðun er mikilvægt að kerfin í kringum barnið eigi samráð og geti talað saman. Auka notkun samfélagsmiðla til forvarn